

SAMKOMULAG

Fjármála- og efnahagsráðherra f. h. ríkissjóðs

og

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

um

laun og starfskjör hlutastarfandi sjúkraflutningamanna

í þjónustu heilbrigðisstofnana ríkisins

0 Samningssvið

- 0.1 Samningur þessi tekur einungis til þeirra sjúkraflutningamanna sem ráðnir eru án skilgreindrar vinnuskyldu en skuldbinda sig til að vera til taks á grundvelli fyrirbyggjandi vaktskrár svo og sinna þeim útköllum sem til koma á þeim tíma.
- 0.2 Samningur þessi á ekki við sé starfsmanni heilbrigðisstofnunar falið að sinna sjúkraflutningum jafnframt öðru starfi, sé það starf talið aðalstarf.
- 0.3 Um kjör að öðru leyti en í samkomulagi þessu segir fer skv. kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi, eftir því sem við getur átt.

1. Kaup

- 1.1 Í kafla 1 skulu greinar 1.1.1 (launatafla), 1.4.1, 1.5.1, 1.5.2 skv. kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi, halda gildi sínu, en að öðru leyti gilda eftirfarandi ákvæði:
- 1.2 Skipuleggja skal skyldu sjúkraflutningamanns í hlutastarfi til að vera til taks með vaktskrá skv. gr. 2.5 og er honum skylt að að sinna útköllum sem til koma á þeim tíma skv. gr. 2.2.
- 1.3 Ákvörðun launaflokks og þreps til grundvallar útreiknings álagsgreiðslna skv. gr. 1.4 skal vera skv. eftirfarandi:

Lfl.

- 1.3.1 Sjúkraflutningamaður með réttindi til að hefja nám 6
- Sjúkraflutningamaður með grunnréttindi (EMT-B) 7
- Sjúkraflutningamaður með framhaldsréttindi (LTS + BTLS) 10
- Sjúkraflutningamaður með neyðarbílsréttindi (EMT-I) 12
- Sjúkraflutningamaður með bráðatæknanám 15

1.3.2 Hafi sjúkraflutningamaður verið 5 ár við sjúkraflutninga að meira eða minna leyti greiðast laun skv. 1. þrepi. Eftir 10 ár greiðast laun skv. 2. þrepi og eftir 15 ár greiðast laun skv. 3. þrepi.

1.4 Fyrir þá skyldu að vera til taks allan sólarhringinn skal greiða sem hér segir:
Greiðslurnar skulu reiknast sem hlutfall af dagvinnukaupi með eftirtöldum hætti:
23,00% kl. 08:00 – 17:00 mánudaga til föstudaga
33,33% kl. 17:00-24:00 mánudaga til fimmtudaga
45,00% kl. 17:00-24:00 föstudaga
45,00% kl. 00:00-08:00 mánudaga til föstudaga
45,00% kl. 00:00-24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
90,00% kl. 00:00-24:00 stórhátíðardaga, sbr. gr. 2.1.4.3.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3 og 2.4.

1.5 Eftirfarandi viðbót verður ný málsgrein í gr. 1.7.1 kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi:
Það hlutfall sem reiknast skv. gr. 2.6 skal lagt til grundvallar við mat á greiðslu persónu- og orlofsuppbótar.

2. Um vinnutíma

2.1 Í kafla 2 skal eingöngu grein 2.1.4 skv. kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi, halda gildi sínu, en að öðru leyti gilda eftirfarandi ákvæði:

2.2 Með bakvakt er átt við að starfsmaður sé ekki við störf en reiðubúinn til að sinna útkalli. Um greiðslu fyrir bakvakt sjá gr. 1.4.

2.3 Fyrir hvert útkall á bakvakt skal greiða að lágmarki 4 klst. skv. yfirvinnukaupi í launaflokki viðkomandi starfsmanns. Þó skal í lengri útköllum greiða til viðbótar 12 mínútur á hverja klukkustund umfram fjórar.

2.4 Bakvaktarálagsgreiðsla fellur niður þann tíma sem yfirvinnukaup er greitt.

2.5 Vaktskrá er sýni væntanlega bindiskyldu hvers starfsmanns fyrir heilt almanaksár, skal lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest.

2.6 Þegar vaktskrá fyrir næstkomandi ár liggur fyrir skal telja út fjölda klukkustunda á hverri álagstegund og skal það vera stofn til réttindaútreiknings sem hér segir:

23,00% álag	samsvarar 14 mínútum í vinnuskyldu
33,33% álag	samsvarar 20 mínútum í vinnuskyldu
45,00% álag	samsvarar 27 mínútum í vinnuskyldu
90,00% álag	samsvarar 54 mínútum í vinnuskyldu

Til þess að finna út stofn fyrir viðkomandi starfsmann skal leggja saman heildarmínútufjölda samkvæmt vaktskrá og deila upp í 124.798 mínútur. Skal það hlutfall vera stofn til réttindaútreiknings.

3. Orlof

- 3.1 Réttur til greiðslu í orlofi er meðaltal álagsstunda í hverju álagsþrepi á síðasta orlofsári og greiðist þar af leiðandi ekki orlofsfé af álagsgreiðslunum.

Að öðru leyti fer skv. núgildandi kjarasamningi LSS og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi.

12. Réttur starfsmanna til veikinda og slysa

- 12.2.1 Starfsmaður sem ráðinn er skv. gr. 1.2, skal ávinna sér rétt, á grundvelli starfstíma metnum skv. gr. 2.6, til að halda launum skv. gr. 12.2.6 - 12.2.7, svo lengi sem veikindadagar hans, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir:

12.2.1.1	<u>Reiknaður starfstími</u>	<u>Fjöldi daga</u>
	0- 31.199 mínútur	14 dagar
	Næstu 31.199 mínútur	35 dagar
	Eftir 63.399 mínútur	119 dagar
	Eftir 124.798 mínútur	133 dagar
	Eftir 876.583 mínútur	175 dagar

Við framantalinn rétt bætist auk þess réttur til greiðslna samkvæmt þeirri vaktskrá sem í gildi er eða síðast gildi í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Við þessi laun bætast ekki greiðslur skv. gr. 12.2.6-12.2.7.

Við framantalinn rétt bætist auk þess réttur til mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Við þessi laun bætast ekki greiðslur skv. gr. 12.2.6-12.2.7.

	<u>Reiknaður starfstími</u>	<u>Fjöldi daga</u>
	Eftir 1.497.571 mínútur	273 dagar
	Eftir 2.246.357 mínútur	360 dagar

Kaflar 1, 2 og 12 breytast frá 1. apríl 2025 og verða svohljóðandi:

1. Kaup

- 1.1 Í kafla 1 skulu greinar 1.1.1 (launatafla), 1.4.1, 1.5.1, 1.5.2 skv. kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi, halda gildi sínu, en að öðru leyti gilda eftirfarandi ákvæði:
- 1.2 Skipuleggja skal skyldu sjúkraflutningamanns í hlutastarfi til að vera til taks með vaktskrá skv. gr. 2.5 og er honum skylt að að sinna útköllum sem til koma á þeim tíma skv. gr. 2.2.
- 1.3 Ákvörðun launaflokks og þreps til grundvallar útreiknings álagsgreiðslna skv. gr. 1.4 skal vera skv. eftirfarandi:

Lfl.

- 1.3.1 Starfsmaður með réttindi til að hefja nám..... 9
- Sjúkraflutningamaður með grunnréttindi (EMT-B) 10
- Sjúkraflutningamaður með framhaldsréttindi (LTS + BTLS) 12
- Sjúkraflutningamaður með neyðarbílsréttindi (EMT-I) 14
- Sjúkraflutningamaður með bráðatæknanám 19

Sjúkraflutningamaður sem einnig hefur lokið heilbrigðisnámi á háskólastigi (BA/BS námi) sem nýtist í starfi skal ráðast 4 flokkum ofar en framangreind grunnröðun. Um er að ræða annað nám en tilgreint er að ofan og getur hækkun einungis komið einu sinni til framkvæmdar (hámark 4 flokkar).

- 1.3.2 Hafi sjúkraflutningamaður verið 3 ár við sjúkraflutninga að meira eða minna leyti greiðast laun skv. 1. þrepi. Eftir 5 ár greiðast laun skv. 2. þrepi og eftir 9 ár greiðast laun skv. 3. þrepi.

- 1.4 Fyrir þá skyldu að vera til taks allan sólarhringinn skal greiða sem hér segir:
Greiðslurnar skulu reiknast sem hlutfall af dagvinnukaupi með eftirtöldum hætti:
- | | |
|---------|---|
| 23,00% | kl. 08:00 – 17:00 mánudaga til föstudaga |
| 33,33% | kl. 17:00-24:00 mánudaga til fimmtudaga |
| 45,00% | kl. 17:00-24:00 föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00-08:00 mánudaga til föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00-24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga |
| 120,00% | kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag. |

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3 og 2.4.

- 1.5 Eftirfarandi viðbót verður við málsgrein í gr. 1.7.1 kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi:
Það hlutfall sem reiknast skv. gr. 2.6 skal lagt til grundvallar við mat á greiðslu persónu- og orlofsuppbótar.

2. Um vinnutíma

- 2.1 Í kafla 2 skal eingöngu grein 2.1.4 skv. kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi, halda gildi sínu, en að öðru leyti gilda eftirfarandi ákvæði:
- 2.2 Með bakvakt er átt við að starfsmaður sé ekki við störf en reiðubúinn til að sinna útkalli. Um greiðslu fyrir bakvakt sjá gr. 1.4.
- 2.3 Fyrir hvert útkall á bakvakt skal greiða að lágmarki 4 klst. skv. yfirvinnukaupi í launaflokki viðkomandi starfsmanns. Þó skal í lengri útköllum greiða til viðbótar 12 mínútur á hverja klukkustund umfram fjórar.
- 2.4 Bakvaktarálagsgreiðsla fellur niður þann tíma sem yfirvinnukaup er greitt.
- 2.5 Vaktskrá er sýni væntanlega bindiskyldu hvers starfsmanns fyrir heilt almanaksár, skal lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Stofnun er heimilt að gera breytingar á vaktskrá með mánaðar fyrirvara. Krefjist starfsemi stofnunar breytinga á vaktskrá með minna en mánaðar fyrirvara skal hún gerð með samþykki starfsmanns.
- 2.6 Þegar vaktskrá fyrir næstkomandi ár liggur fyrir skal telja út fjölda klukkustunda á hverri álagstegund og skal það vera stofn til réttindaútreiknings sem hér segir:
- | | |
|--------------|-------------------------------------|
| 23,00% álag | samsvarar 14 mínútum í vinnuskyldu |
| 33,33% álag | samsvarar 20 mínútum í vinnuskyldu |
| 45,00% álag | samsvarar 27 mínútum í vinnuskyldu |
| 120,00% álag | samsvarar 72 mínútum í vinnuskyldu |
| 165,00% álag | samsvarar 99 mínútum í vinnuskyldu. |

Til þess að finna út stofn fyrir viðkomandi starfsmann skal leggja saman heildarmínútufjölda samkvæmt vaktskrá og deila upp í 112.320 mínútur. Skal það hlutfall vera stofn til réttindaútreiknings.

12. Réttur starfsmanna til veikinda og slysa

12.2.1 Starfsmaður sem ráðinn er skv. gr. 1.2, skal ávinna sér rétt, á grundvelli starfstíma metnum skv. gr. 2.6, til að halda launum skv. gr. 12.2.6 - 12.2.7, svo lengi sem veikindadagur hans, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir (sjá þó bókun 1):

12.2.1.1	<u>Reiknaður starfstími</u>	<u>Fjöldi daga</u>
	0- 28.079 mínútur	14 dagar
	Næstu 28.079 mínútur	35 dagar
	Eftir 57.059 mínútur	119 dagar
	Eftir 112.318 mínútur	133 dagar
	Eftir 788.925 mínútur	175 dagar

Við framantalinn rétt bætist auk þess réttur til greiðslna samkvæmt þeirri vaktskrá sem í gildi er eða síðast gildi í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Við þessi laun bætast ekki greiðslur skv. gr. 12.2.6-12.2.7.

Við framantalinn rétt bætist auk þess réttur til mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Við þessi laun bætast ekki greiðslur skv. gr. 12.2.6-12.2.7.

<u>Reiknaður starfstími</u>	<u>Fjöldi daga</u>
Eftir 1.347.814 mínútur	273 dagar
Eftir 2.021.721 mínútur	360 dagar

12.2.2 Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

Í stað gr. 12.2.6 kemur eftirfarandi:

Í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla greiðist samkvæmt þeirri vaktskrá sem í gildi er eða síðast gildi miðað við upphaf veikinda starfsmanns.

16. Uppsagnarfrestur

16.1.1 Uppsögn á reynslutíma

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á reynslutíma er einn mánuður. Reynslutími skal miðast við að viðkomandi hafi skilað 31.199 mínútum skv gr. 2.6 í þessu samkomulagi eða sinnt vöktum skv. vaktskrá í sex mánuði hvort sem fyrir næst.

Reykjavík, 4. apríl 2025

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

F.h. Landssambands slökkviliðs-
og sjúkraflutningamanna
með fyrirvara um samþykki

Einar Mar Þórðarson [sign.]

Bergþór H. Jónasson [sign.]

Ásta Einarsdóttir [sign.]

Bjarni Ingimarsson [sign.]

Sigurjón Bergsson [sign.]

Birna D. Birgisdóttir [sign.]

Ármann Óli Birgisson [sign.]

Ákvæði til bráðabirgða og bókanir

með samkomulagi

Fjármála- og efnahagsráðherra f. h. ríkissjóðs

og

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

um

laun og starfskjör hlutastarfandi sjúkraflutningamanna

í þjónustu heilbrigðisstofnana ríkisins

Ákvæði til bráðabirgða:

Forsenda þess að samkomulag þetta taki gildi er að framlenging á kjarasamningi aðila vegna sjúkraflutningamanna í aðalstarfi dags 4. apríl 2025 verði samþykkt.

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að breyting á reiknuðum starfstíma vegna veikindaréttar leiði ekki til afturvirkra réttinda. Sá fjöldi daga sem viðkomandi hefur áunnið sér á grundvelli fyrra samkomulags um laun og starfskjör hlutastarfandi sjúkraflutningamanna í þjónustu heilbrigðisstofnana ríkisins, á grundvelli reiknaðs starfstíma, helst því óbreyttur við gildistöku þessa samkomulags.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að breyting á grein 1.3.2. leiðir til uppfærslu á launasetningu hjá þeim sem það á við en ekki viðbótar. Hafi viðkomandi áður fengið þrep þá kemur það þrep því ekki til viðbótar við þann rétt sem mælt er fyrir um í framangreindu ákvæði heldur leiðir einungis til endurröðunar, að hámarki þrjú þrep.